

ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS

GRENSÁSVEÐUR 16A — 108 REYKJAVÍK — ÍSLAND — FAX 680093 — SÍMI 813044
 PÓSTHÓLF 8720 — 128 REYKJAVÍK — KENNITALA 420169-6209



Alþingi

E-índi nr. Þ 117 / 11013

Konaudagur 27/4 1994

Efnahags- og viðskiptanefnd,
 Ágústa H. Lárusdóttir,
 Alþingi,
 150 Reykjavík.

Reykjavík, 26 apríl, 1994

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/1993 um neytendalán.

ASÍ hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Sökum tímaskorts hefur ekki reynst unnt að viðhafa venjuleg vinnubrögð við þessa umsögn og leggja hana fyrir miðstjórn sambandsins. Umsögnina ber því að taka með þeim fyrirvara.

Miðstjórn ASÍ hefur gefið umsögn um frumvörp til þessara laga á tveimur síðustu þingtímabilun, og hafa þær lýst jákvæðri afstöðu til lagasetningar á þessu sviði. ASÍ telur nauðsynlegt sé að fylgjast vel með þróun á þessu sviði og endurskoða lög og reglugerðir eftir fremsta megni.

Með ofangreindu frumvarpi virðist megingilgangurinn vera sá að gera núgildandi lög markvissari, skýrari og auðveldari í framkvæmd. ASÍ telur ákvæði í þessa átt til bóta, og vill í því sambandi t.d. benda á ákvæði í 8. gr. um að lánveitanda sé óheimilt að krefja neytanda um vexti sé ekki um ákvæði um vexti að ræða í lánsamningi.

ASÍ leggur til að ofangreint frumvarp verði samþykkt og telur að öðru leyti ekki ástæðu til þess að gefa umsögn um það.

Virðingarfyllst,
 f.h. ASÍ,

Ari Skúlason